



Atvinnuvegaráðuneyti  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Fjarðabyggð, 20. mars 2025  
Tilvísun 2503176/10.0

## Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um strandveiðar, mál 58/2025

Bæjarráð Fjarðabyggðar telur að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi hafi stuðlað að sjálfbærni veiða, hagkvæmni í greininni og tekjur til þjóðarbúsins í formi veiðigjalda.

Bæjarráð fær ekki séð hvernig fyrirhuguð reglugerð geti tryggt 48 daga strandveiðar, þegar ekki er kveðið á um aukinn kvóta eða tilfærslu innan fiskveiðistjórnunarkerfisins til að mæta því markmiði. Mikilvægt er að útfærsla reglugerðarinnar skýri með hvaða hætti slíkt markmið verði raunhæft. Í reglugerðardrögunum er vísað til nýrra takmarkana sem virðast fyrst og fremst ætlaðar til að þrengja strandveiðarnar svo markmiðið um 48 daga náist án þess að til komi frekara ráðstöfunarvald yfir aflaheimildum.

Þær byggðastuðningsleiðir sem eru til staðar, á borð við byggðakvóta, hafa stutt við stöðuga atvinnu í sjávarbyggðum, fjölbreytt mannlíf og betra rekstrarumhverfi fyrir útgerð og vinnslu og því nauðsynlegt að tryggja að slíkar aðgerðir haldi áfram.

Hvað varðar strandveiðar telur bæjarráð mikilvægt að horft sé til leiða sem tryggja að aukin verðmætasköpun og afleidd áhrif skili sér í nærsamfélaginu. Ljóst er að verulega lægra launahlutfall í strandveiðum geti leitt til lægri útsvarstekna fyrir sveitarfélög. Þetta er sérstaklega áberandi ef sjómenn hafa ekki lögheimili árið um kring í viðkomandi byggðarlagi og því mikilvægt að horfa til þess hvernig breytingar á vægi strandveiða geta haft áhrif á tekjur sveitarfélaga.

Með þetta í huga leggur bæjarráðið áherslu á að leita samræmdra lausna sem styðja við jafnvægi milli strandveiða og útgerða sem starfa allt árið. Af þeim sökum er bæjarráðið ekki fylgjandi auknu vægi strandveiða á kostnað þeirra fyrirtækja sem stunda veiðar og vinnslu allt árið og skapa umtalsverða atvinnu og tekjur í heimabyggð.

Gunnar Jónsson  
Bæjarritari

